

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Heimtaug 150 mm eða grennri | kr. 276.474 |
| Heimtaug 151 til 200 mm | kr. 300.726 |
| Heimtaug 201 til 250 mm | kr. 318.915 |

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala, grunnur 2021, í október 2022, 109,6 stig.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,27% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

| | |
|------------------------------|------------------------------|
| Rotþró 0–6.000 lítra | kr. 13.927 |
| Rotþró 6.001 lítra og stærri | kr. 2.702 pr./m ³ |

5. gr.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

| | |
|--|---------------------------------|
| Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun | kr. 40.540 og |
| | kr. 550 á hvern ekinn kílómetra |
| Aukahreinsun á rotþró, sérferð | kr. 96.850 og |
| | kr. 550 á hvern ekinn kílómetra |

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 9. desember 2022, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð, nr. 262/2008. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð, nr. 1686/2021.

Bláskógabyggð, 22. desember 2022.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.